

# Punktakeppni GR 2018

---

## Keppnis skilmálar

### 1. Markmið

Punktakeppni GR er aldursflokkskipt punktakeppni. Þessi mótaröð er fyrst og fremst hugsuð til að styrkja og bæta félagsstarf innan golfklúbbsins.

### 2. Hlutgengi

Keppnin er fyrir fullgilda meðlimi GR sem hafa náð nítján ára aldri.

### 3. Leikdagar

Leikið verður vikulega til skiptis á Korpúlfstaðavelli og Grafarholtsvellili. Keppendur geta valið hvort þeir leiki á mánudegi eða þriðjudegi í hverri leikviku. Mótaröðin stendur frá mánudeginum 28. maí og endar þriðjudaginn 31. júlí. Ekki er leikið meistaramótsvikuna.

### 4. Leikfyrirkomulag

Fyrirkomulag mótaráðarinnar er punktakeppni þar sem keppendur geta valið sér teiga (hvíta, gula, bláa eða rauða) við hæfi og taka forgjöf samkvæmt völdum teigum. Leikmenn verða að merkja á skorkort af hvaða teigum leikið er. Hámarksforgjöf er gefin 28 bæði í karla- og kvennaflokki. Leikvikur eru 10 talsins og gilda 6 bestu skorin á mótaröðinni.

### 5. Aldursflokkar

Um aldursflokkskeppni er að ræða og verða veitt verðlaun í fjórum flokkum karla og kvenna, alls átta flokkum. Sama aldursskipting er í báðum flokkum en þeir eru:

- 19-29 ára
- 30-49 ára
- 50-64 ára
- 65 ára og eldri

### 6. Nafnbót

Punktahæsti einstaklingurinn óháð flokkum verður útnefndur punktameistari GR.